



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

**Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd**
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 25. maí 2020.

Umsögn KPMG ehf. um „frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti“, á þingskjali 1424 – 811. mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 19. maí 2020 er KPMG gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. KPMG hefur kynnt sér frumvarpið og sér ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi tillögum og ábendingum.

Tímabil tekjufalls

Meðal skilyrði fyrir þeim fjárstuðningi úr ríkissjóði, sem lagður er til í frumvarpinu, er að meðaltal mánaðartekna atvinnurekanda hafi dregist saman um a.m.k. 75% frá 1. mars 2020 til uppsagnardags samnborið við tekjur á einu fjögurra viðmiðunartímabila sem tilgreind eru. KPMG dregur í efa að rétt sé að miða upphaf samdráttartíma af völdum heimsfaraldurs kórónuveiru við 1. mars 2020. Á það ekki síst við um rekstur sem lotið hefur fjöldatakmörkun, nálægðartakmörkun eða takmörkun á opnunartíma frá 24. mars 2020, skv. auglýsingu heilbrigðisráðherra nr. 243/2020.

Atvinnurekandi, sem séð hefur sig knúinn til að segja launamönnum upp miðað við 1. maí s.l. vegna samdráttar, kann að hafa verið í fullum rekstri 23 daga af því 61 dags tímabili sem tekjusamdráttur skal reiknaður yfir samkvæmt frumvarpinu. Tekjufall á þessum 61 degi getur því verið innan við 75%, en tekjufall reiknað frá og með 24. mars umfram 75%. Þótt slakað hafi verið á fjöldatakmörkun frá 4. maí og aftur frá 25. maí eru enn í gildi verulegar takmarkanir sem áhrif hafa á rekstur. Jafnframt er á ýmsum sviðum fyrirséður verulegur tekjusamdráttur enda þótt samkomutakmörkunum verði aflétt.

Annað skilyrði fyrir fjárstuðningi er að atvinnurekandi hafi eftir 15. mars 2020 ekki gert tiltekna ráðstafanir er lúta að útgreiðslu fjár. Ætla má að sú dagsetning taki mið af því að þá hafi almennt mátt sjá fyrir rekstrarleg áhrif heimsfaraldursins.

Að mati KPMG er hvor heldur sem er dagsetningin 15. mars eða 24. mars eðlilegri en 1. mars, sem upphafsdagur þess tímabils sem tekjufall skal reiknað yfir. KPMG leggur því til að annað hvort 15. mars eða 24. mars komi í stað 1. mars í 2. tölul. 4. gr. frumvarpsins.

Kaup félags á eigin hlutum

Fulltrúar KPMG voru gestir á fjarfundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 22. maí s.l. Á fundinum var m.a. rætt það skilyrði fjárstuðnings að atvinnurekandi hafi eftir 15. mars 2020 ekki keypt eigin hluti. Nefnt var hvort ástæða væri til að kveða á um frávik frá því skilyrði fjárstuðnings, er tæki til kaupa félags á hlutum af starfsmanni sem sagt er upp störfum.

KPMG telur ekki öll rök hníga í eina átt hvað þetta varðar. Ef um verulegan eignarhluta er að ræða má fremur ætla að starfssambandið sé afleiðing eignaraðildarinnar en að eignaraðildin sé afleiðing starfssambandsins og því sé eðlilegt að skilyrðið eigi við. Öðru máli kann að gegna í þeim tilvikum að starfsmenn hafa keypt fáa hluti í félagi á grundvelli kaupréttar sem þeir hafa öðlast vegna starfa sinna. Markmið slíkra kaupréttar er jafnan að samþætta hagsmuni starfsmanna og atvinnurekandans. Lok starfssambandsins rífur þá samþættingu. Hafa ber þó í huga að í frumvarpinu er lagt til að starfsmenn sem sagt hefur verið upp skuli eiga forgangsrétt að sambærilegu starfi í tiltekin tíma. Forsendur hlutareignar kunna því að rakna við að nýju.

Það er ekki sjálfgefið að starfsmaður hafi hag af sölu hluta við starfslok. Við nýtingu kaupréttar af umræddum toga myndast skattskyldar launatekjur hjá starfsmanni, sem nema mismun á gangverði keyptrar hluta og lægra kaupverðs þeirra. Þær tekjur skulu þó ekki koma til skattlagningar fyrr en starfsmaðurinn selur hlutina, skv. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með sölu hluta samfara uppsögn starfs yrði því skattlagning virk. Þá má ætla að í mörgum tilvikum sé virði hluta í félagi, sem rétt á til umrædds fjárstuðnings, lægra nú en það var þegar starfsmaður nýtti kauprétt og því muni tap verða af sölnunni. Það tap dregst ekki frá launatekjum starfsmannsins. Annað yfirlýstra markmiða frumvarpsins er að tryggja réttindi launamanna. Lagaákvæði sem ýtti undir sölu starfsmanns á hlutum samfara starfslokum gæti gengið gegn því markmiði.

Atvik geta verið þau að félag hafi í kaupréttarsamningi skuldbundið sig til kaupa á hlutum starfsmanns við starfslok. Óeðlilegt getur verið að efndir slíkrar skuldbindingar girði fyrir að félag fái notið umrædds fjárstuðnings. Óljóst er hvort orðalag umrædds skilyrðis, eins og það birtist í frumvarpinu, feli í sér slíka girðingu. Orðalagið er á þann veg að atvinnurekandi hafi eftir 15. mars 2020 „*ekki ákvarðað úthlutun arðs, lækkað hlutafé með greiðslu til hluthafa, keypt eigin hluti, ...*“ Um ákvæðið segir í greinargerð: „*Talið er óeðlilegt að eigendur greiði sér samhliða út arð eða að ráðist sé í aðrar svipaðar ráðstafanir. Viðmiðunartímamark varðandi þessar ráðstafanir er 15. mars 2020 og miða ber við dagsetningu ákvörðunar en ekki dagsetningu framkvæmdar ákvörðunar, svo sem útgreiðslu arðs.*“ Ótvírætt er af orðum ákvæðisins og greinargerðarinnar að hafi ákvörðun um útgreiðslu arðs verið tekin fyrir 15. mars 2020, þá girðir framkvæmd ákvörðunarinnar eftir þann tíma ekki fyrir fjárstuðning. Rökrétt er skýra orðalagið um kaup eigin hluta á sama veg. Til að taka af vafa í þeim efnun mætti umorða skilyrðið þannig að í stað orðanna „*ekki ákvarðað úthlutun arðs, lækkað hlutafé með greiðslu til hluthafa, keypt eigin hluti,*“ kæmu orðin: *ekki ákvarðað úthlutun arðs, lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa, kaup eigin hluta.* Ekki er um að ræða ákvörðun um kaup eigin hluta eftir 15. mars 2020 ef félag hefur í kaupréttarsamningi, gerðum fyrir það tímamark, skuldbundið sig til endurkaupa hluta af starfsmanni við starfslok hans.

KPMG ehf.

